



Mörkin lögmannsstofa hf.

Alþingi

Frindi nr. P/137/576

fundagur 8. 7. 2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gestur Jónsson lrt.

Ragnar Halldór Hall lrt.

Gunnar Jónsson lrt.

Höndur Felix Hardarson lrt.

Einar Þór Sværnisson lrt.

Gísli Guðni Hall lrt.

Geir Gestsson hdl.

Fulltrúar:

Tryggvi Þórhallsson hdl.

Ívar Bragason hdl.

Hilmar Gunnarsson lögfr.

Ólafur Freyr Frimannsson hdl.

Jóhannes Eiríksson hdl.

Reykjavík, 8. júlí 2009

Efni: Umsögn Hvals hf. um frumvarp til laga um hvali, 112. mál, heildarlög.

Til Markarinnar lögmannsstofu hefur leitað félagið Hvalur hf. og falið lögmannnum stofunnar að annast umsögn félagsins um frumvarp til laga um hvali (112. mál). Með bréfi ritara sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis til Hvals hf., dags. 26. júní sl., var Hvali veittur frestur til 6. júlí sl. til að senda umsögn sína um frumvarpið. Þess var farið á leit við ritara nefndarinnar að fresturinn yrði framlengdur til 10. júlí nk. Ekki reyndist unnt að fá frestinn formlega framlengdan. Af hálfu ritara nefndarinnar var hins vegar upplýst að tillit yrði tekið til allra umsagna er bærust nefndinni á meðan málið væri til meðferðar hjá henni, sbr. tölvupóst ritarans dags. 1. júlí sl. Æskilegt væri hins vegar að umsagnir bærust eigi síðar en föstudaginn 10. júlí 2009.

Hér með tilkynnist að umsögn Hvals mun berast nefndinni von bráðar og innan síðastgreinds tímamarks. Með vísan til framangreinds og í ljósi þess að Hvalur hefur um áratugaskeið verið eini aðilinn, sem lagt hefur stund á veiðar stórhvala hér við land, væntir félagið þess að fullt tillit verði tekið til umsagnar þess við meðferð málsins hjá Alþingi og nefndinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Hvals hf.,

Ólafur Freyr Frimannsson
Ólafur Freyr Frimannsson, hdl.